

AUGLÝSING

um friðlýsingu Ástjarnar við Hafnarfjörð.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Ástjörn við Hafnarfjörð ásamt næsta nágrenni og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

(1) Staður nálægt norðvestururenda Ástjarnar, neðan túnsins í Stekk, hnit ca. $x=23.731$, $y=7.739$, þaðan til suðausturs nálægt 27 m hæðarlínu inn á túnið í Ási að (2), hnit ca. $x=23.170$, $y=7.554$, áfram til suðurs í (3), sem er við vesturrætur Ásfjalls, hnit ca. $x=23.072$, $y=7.360$, síðan til suðvesturs í (4) hnit ca. $x=23.168$, $y=7.254$ og áfram að (5) í norðurhlíð Grísaness, hnit ca. $x=23.300$, $y=7.200$ þá



til (6) hnit ca. $x=23.500$, $y=7.200$, þaðan út á hraunið vestan Ástjarnar að (7), hnit ca. $x=23.881$, $y=7.142$, og áfram eftir hrauninu til norðurs að upphafspunkti (1). Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Náttúruverndarráðs.
2. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatna-sviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.
3. Gangandi fólk er heimil för um svæðið. Á varptíma (1. maí — 15. júlí) er umferð um svæðið óheimil.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

Náttúruverndarráð getur falið náttúruverndarnefnd Hafnafjarðar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 12. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ um Leiklistarskóla Íslands.

1. gr.

Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálfa þá til leiklistarstarfa.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

3. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 9 fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um skólann. Ráðherra skipar jafnmarga varamenn. Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis um málefni skólans, m. a. um ráðningu kennara og gerð fjárhagsáætlana. Skólanefndarmenn skulu, eftir því sem unnt er, fylgjast með kennslu og kynningu á verkefnum. Formaður skólanefndar staðfestir ásamt skólastjóra skírteini um námsferil hvers nemanda, sem lýkur námi.

Skólastjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti nema fjallað sé um mál, er varða hann sjálfan.

Formaður boðar fundi.

Leita skal umsagnar skólanefndar áður en skólastjóri er ráðinn.

4. gr.

Skólastjóri annast stjórn skólans og daglegan rekstur hans.

Hann ræður kennara og annað starfslið að skólanum í samráði við skóla-